

Þingsályktun

um mat og endurmótun á tilhögun hættumats og
vöktunar vegna náttúrvár.

Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra, í samráði við fjármála- og efna-hagsráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og forsætisráðherra, að skipa starfshóp fulltrúa ráðuneyta og stofnana sem sinna grunnrannsóknum, vöktun, hættumati og viðbrögðum vegna náttúrvár til að meta þörf á frekari rannsóknum, vöktun og viðbrögðum við náttúrvá er nýtist til að efla hættumat og vöktun vegna náttúrvár á Íslandi. Starfshópurinn vinni að eftirfarandi verkefnum:

- a. Kynni sér þá rannsóknarvinnu og vöktun sem unnin er hjá stofnunum ríkisins er varðar náttúrvá, samvinnu þeirra um verkefni og fjármögnun verkefna um þessar mundir.
- b. Greini fjárbörf til rannsókna sem efla skilning á jarðrænni, hafrænni og veður- og vatnafarstengdri náttúrvá og auðvelda og styrkja vöktun, hættumat og viðbrögð við slíkri vá.
- c. Leggi fram tillögur um nauðsynlegar fjárveitingar til rannsókna, sbr. a-lið, sem hægt verði að styðjast við í undirbúnungi að fjármálaáætlun og meti þörf á sérstökum við-bragðssjóði náttúrvár sem ætlaður yrði til að styrkja rannsóknir og vísindaleg viðbrögð, svo sem vöktun, við skyndilegri vá eða áföllum vegna skyndilegrar vár, ásamt tillögum um fjárveitingar til slíks sjóðs.
- d. Yfirsari, samræmi og forgangusraði verkefnum við gagnaöflun og kortlagningu á náttúru landsins sem miði að því að efla hættumatsgerð og vöktun, og auðvelda viðbrögð við náttúrvá af öllum toga, með samfélagsleg áhrif þeirra að viðmiði.
- e. Leggi fram verkefnaáætlun með hliðsjón af a-, b- og d-lið og tækniframförum, á landsvísu, með mati á kostnaði við gagnaöflun, tækni og kortlagningu og vöktun.
- f. Leggi fram tillögur um hvernig treysta megi samvinnu fagstofnana, ráðuneyta og aðila almannavarna við rannsóknir, gerð hættumats og uppbyggingu vöktunar.
- g. Greini fjárbörf stofnana og viðbragðsaðila svo að efla megi miðlun upplýsinga um náttúrváratburði og nýta nýjustu tækni í viðbragðsháttum til að ná til almennings, þar á meðal ferðamanna.
- h. Leggi fram grunntillögur um hvernig bæta megi náttúrulæsi almennings og þekkingu á náttúrvá og hvaða leiðir geti verið vænlegar til þess að efla menntun sem hentar svo að sérþekking á náttúrvá og viðbrögðum við henni aukist enn frekar og í takt við þörf samfélagsins.

Lögð verði áhersla á fjölbreytta þekkingu og reynslu þeirra sem starfshópinn skipa. Þá verði leitað til sérfræðinga og stjórvalda eftir því sem vinna starfshópsins gefur tilefni til. Starfshópurinn skili skýrslu til ráðherra eigi síðar en 1. júní 2022.
Ráðherra kynni Alþingi niðurstöðu starfshópsins.

Samþykkt á Alþingi 16. mars 2021.